

# Stjórnarfundur LH 5.október 2010

## 27. fundur. Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinsson, Sigurður Ævarsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Ísleifur Jónasson, Sigrún Valdimarsdóttir, Vilhjálmur Skúlason og Þorvarður Helgason. Oddrún Ýr Sigurðardóttir sat fundinn og Þórdís Gylfadóttir ritaði fundinn.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.

### 2. Landsþing

OS segir frá undirbúningi fyrir Landsþing. Farið yfir þær tillögur og ályktanir sem stjórn LH leggur fram fyrir 57. Landsþing LH og þær samþykktar. Yfirfara lista yfir gullmerkishafa, hverjir eru ennþá á lífi, senda á alla stjórnarmenn til yfirferðar.

### 3. Önnur mál

-Tekið fyrir erindi hestamannafélagsins Sleipnis um frestun á greiðslu félagsgjalda. Stjórn LH felur OS og MG að semja um greiðsluna við félagið.

-Reglugerðin frá Keppnisnefnd LH um knapaval. Reglugerðin samþykkt með fyrirvara á 6.lið reglugerðarinnar. Sigurður Ævarsson skipaður formaður nefndarinnar af stjórn LH.

-Stjórnarmenn hafi samband við skrifstofu og gangi frá ferðum sínum norður á þingið.

-Bréf sem borist hafa til stjórnar LH frá Kára Arnórssyni og Jóni Albert Sigurbjörnssyni varðandi Landsmóts 2010 sem féll niður rædd innan stjórnar.

-Beiðni frá Guðlaugi Óskarssyni um fjárhagslegan styrk til að reisa minnisvarða fyrir Höskuld á Hofsstöðum tekin fyrir. Stjórn samþykkir að styðja verkefnið allt að 100.000kr og með öllum þeim hætti sem mögulegt er.

-Tillaga dómarnefndar LH að Hulda G. Geirsdóttir fari fyrir hönd Íslands að dæma á HM2011. Stjórn LH felur SÆ og MG að semja reglur um kostnað við þátttöku dómara á heimsmeistaramóti.

-HÞ segir frá fundi í Mennta-og menningarmálaráðuneytinu. Punktur frá Óskari teknir fyrir og ræddir. HÞ greinir frá tillögu sem stjórn LH sendi til menntamálaráðuneytis um endurskoðun á stjórnarsýslu um íslenska hestsins.

-Metumsókn send til keppnisnefndar LH til umfjöllunar. Umsóknin tekin fyrir á næsta stjórnarfundum.

-Dagskrá Landsþing yfirfarin.

-Tillaga að formaður LH fari með í árlega hringferð hrossaræktaráðunautar og FHB sem farin er yfir vetrartímam.

**Fundi slitið.**